Hlusta á pistilin
http://multitrack.powweb.com/meinhorn.17.12.08.mp3

Nýr gjaldmiðill - Falið Eignarhald - Íslensk Innrás - Réttlæti

17.12.2008 | 04:10

Dollar Strax.

Ástæðan fyrir því að ég tel að hér eigi að taka upp nýjan gjaldmiðil og ganga þar með inn í þá fastgengisstefnu sem því fylgir er tvíþætt. Önnur þeirra er er efnahagsástandið sem hér ríkir og sú staðreynd að gjaldmiðillinn okkar er hrunin. Hin ástæðan er af réttlætisástæðum þar sem að lágt gengi krónunar setur auðmenn bæði hér og erlendis í þá aðstöðu að hafa stóran gengishagnað af bágum kjörum verkafólks.

Nú hefur krónan styrkst töluvert með tilkomu gjaldeyrishafta. Enn er þó loft á kerfinu. Gjaldeyrishöftin myndu samt nýtast vel til upptöku nýs gjaldmiðils á næstu vikum og ber því að nota tíman. Tvær aðferðir sem notaðar hafa verið til þess að bregðast við verðbólgu eru stýrivaxtahækkanir og/eða gengisfellingar á fastgengistímabilum.

Hækkun stýrivaxta eykur kostnað bankana við lántökur og heldur fólk því að sér höndum við lántökur sökum slæmra lánskjara. Þetta heldur niðri verðlagi í þjóðfélaginu. Gengisfellingar eru mikið skrapatól sökum þess að yfirleitt eru þær ekki framkvæmdar á réttum tíma. Leiða má líkum að því að þegar ástæða þykir til að fella gengið þá sé raungengisfellingin líklega búin að eiga sér stað allt upp í 3 mánuðum áður. Nú bætast við gjaldeyrishöft í byssusafn Seðlabankans þar sem að lokað er inni fjármagn. Þetta er ekki vænlegt til árangurs þar sem að litlar líkur eru á að sú aðgerð að lyfta krónunni til flugs muni heppnast. Hitt er annað mál að fastgengi þyrfti að koma á áður en nýr gjaldmiðill yrði tekinn upp einhliða hér á landi.

Að upptöku nýs gjaldmiðils

Upptaka nýs gjaldmiðils tekur vissulega þessi vopn úr höndunum á okkur til þess að stýra peningamagni í umferð og hafa hemil á verðbólgu. Við erum nú að tala um fastgengisstefnu. Á móti kemur að verðbólgu þarf þá að mæla staðbundið og bregðast við henni með sköttun. Það er trú manna að verðbólga muni halda áfram að vera lág í

framtíðinni á myntsvæði dollars, vextir af lánum í dollar eru lægri og stöðugri en vextir á lánum í flestum öðrum gjaldmiðlum. Lægri vextir og stöðugleiki eru hvati fyrir langtímafjárfestingar, sparnað og hagvöxt í þeim löndum sem nota dollar sem lögbundinn opinberan gjaldmiðil.

En Aftur að krónu

Flöktandi gengi ýtir undir spákaupmennsku og áhættufjárfestingar. Viðskipti snúast um gengisgróða. Stórfelld milliríkjaviðskipti til langs tíma verða viðkvæm fyrir árásum á gjaldmiðilinn.

En afhverju dollar?

US Dollar er sá gjaldmiðill sem Íslendingar geta tekið upp einhliða án þess að spyrja kóng né prest. Það mun ekki hafa neikvæðar pólitískar afleiðingar fyrir okkur. Evra er okkur stórhættuleg hvað þetta mál varðar og stefna stjórnvalda í Noregi eða Sviss sem dæmi liggur ekki fyrir í þessum efnum. Dæmin um einhliða upptöku US Dollar eru mörg og er reynslan af viðbrögðum Bandaríska Seðlabankans jákvæð í þessum efnum. Því hef ég viljað einangra umræðuna við US Dollar þar sem að það einfaldar viðfangsefnið og einangrar það frá mörgum þáttum sem myndu annars gera þetta að pólitískri og jafnvel menningarlegri umfjöllun.

Kostir Upptaka dollars myndi aftengja verðtryggingunа strax. Afborgannir lækka í samhengi við hjaðnandi verðbólgu á aðeins nokkrum vikum. Verðtryggð lán jafna sig og komast í eðlilegt horf. Þetta þýðir einfaldlega að fólk missir ekki heimilin sín.

Kostirnir þess að vera með gegnsæjan markað og peningakerfi hér á landi sem fjárfestar erlendis geta lesið hæglega eru augljósir. Peningafærslur halda sér í sama gjaldmiðli frá byrjun til enda. Aðgangur að lánum og bankaþjónustu í sama gjaldmiðli verður með allt öðrum hætti og á mun betri kjörum. Ekki gleyma því að bankar þurfa á góðum lánakjörum að halda ekki síður en almenningur.

Upptaka Dollars breytir því starfsumhverfi banka svo um munar til hins betra. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) styður einhliða upptöku sterks gjaldmiðils lítilla ríkja á borð við Ísland. Þetta kemur skýrlega fram hér og víðar Lesa

Rök manna gegn upptöku annarrar myntar eru oft að í gegnum tíðina hafi hagsveiflur hér á landi verið með ólíkum hætti en þær sem tíðkast víða erlendis. Innganga í annað myntsvæði myndi því ekki henta okkur.

Ég er ekki sammála þessu Ástæðan fyrir aggressivum hagsveiflum hér á landi eru tilkomnar af því að hér eru framleiðslu og útflutningsgreinar of fáar og tekjuöflun okkar of einhæf. Gríðarlega stór hluti er í málmi (áli), stór hluti í fiski ect. Þegar markaðir bregðast þá er skortur á mótvægi annarra atvinnugreina. Upptaka dollars myndi styrkja ferðamannaiðnað og alla smásöluverslun. Eins myndi stöðugt gengi og vextir virka sem raunverulegur hvati til þess að efla okkur í rekstri háskóla og fara í auknum mæli út í að

taka við nemendum erlendis frá. Rekstur skólastofnanna er stór atvinnuvegur víða sem skilar verulegum tekjum í stað botnlausra útgjalda. Svona mætti áfram telja.

Annað sem ber að benda á er að eitt það mikilvægasta sem við gerum á næstunni er að opna landið fyrir erlendri fjármála og bankastarfssemi. Þetta skapar streymi fjármagns í gegnum landið sem gerir innlendum fjármálafyrirtækjum og bönkum kleyft að fjármagna sig á góðum kjörum með fjármagni frá þessum bönkum. Enginn gengiskostnaður eða áhætta er þá af lánastarfssemi þessara banka til íslenskra banka. Þetta kallar ekki á endurbætur heldur endurhönnun á íslenskum bankalögum. Þetta er samt nauðsynlegt.

Um Lánveitanda til þrautavara

Einnig þarf að koma upp sjóði sem lánveitanda til þrautavara. Ein aðferð er að nýta erlendar eignir Lífeyrissjóðanna til þrautavara sem eru um 30% af eignum þeirra að meðaltali. 70% af eignum sjóðanna eru hér á landi og hafa glatað verðgildi sínu um þessar mundir eins og aðrar eignir sem skráðar eru í krónu.

Þá eru eignir óseljanlegar með öllu sökum ríkjandi ástands sem gerir eignasafn sjóðanna verðlaust að hluta. Skráning þessara eigna á eðlilegu gengi sem miðast við þjóðarframleiðslu gerir það af verkum að þessar eignir jafna sig strax töluvert. Þannig að afnot af erlendum eignum Lífeyrissjóðanna til þrautavara meðan á þessari aðgerð stendur eru fullkomnlega réttlætanleg sérstaklega þar sem að aðgerðin mun skila sér í gríðarlegum hagnaði fyrir Íslensk heimili og fyrirtæki og leysa okkar mest aðkallandi vandamál sem eru sem dæmi slæmt ástand verðtryggðra lána.

Erlendar eignir lífeyrissjóðanna gætu varið aðgerðina að fullu. Lítil ástæða er til að ætla að við þyrftum einu sinni að snerta sjóðinn við framkvæmdina á upptöku dollars. Staðan á gjaldeyrisvarasjóði Íslendinga í Nóvember 2008 er í kringum 510 milljarðar króna. Þar af eru um 240 milljarðar í erlendum verðbréfum, rest er seðlar og innistæður. Einungis hluta af sjóðnum þarf til þess að hægt sé að taka upp nýjan gjaldmiðil eftir aðeins örfáar vikur eða á bilinu 2 - 300 milljarða.

Skipta þarf út grunnfé bankans; Nánar tiltekið - Allir seðlar og mynt sem er í umferð plus Þær kröfur sem innleystar verða á hendur Ríkisjóði í framhaldi af upptöku í formi Jöklabréfa og sparnaðar. Ekki er ástæða til að ætla að mjög mikið verði af þeim kröfum. Gjaldeyrisvaraforðinn er nú í sögulegu hámarki og eru innistæður og seðlar umfram upphæð erlendra verðbréfa. Þetta eru því kjöraðstæður fyrir upptöku nýs gjaldmiðils eftir 2 - 3 vikur.

Raunar er mun meiri ástæða til þess að hafa áhyggjur af stórkostlegum fjármagnsflótta með hækkandi gengi krónu. Fólk mun leysa út innistæður sínar við fyrsta tækifæri í von um að bjarga fjárhag sínum eins og hægt er og/eða menn munu kaupa krónur og bíða eftir hækkandi gengi, leysa síðan út stóran gengishagnað.Gjaldeyrishöft eru nú þegar notuð, en til lengri tíma má fara þá leið að skattleggja fjármagnsfærslur út og myndi slík aðgerð senda fólki þau skilaboð að það borgaði sig að bíða.Það eru því ýmsar örrugar leiðir færar til að verja upptökuna að fullu.

Að réttlætissjónarmiðum

Gríðarlega stór hluti af framleiðslu er í raun rekin erlendis frá. Álfyrirtækin sem dæmi eru að minnstu leiti rekin hér á landi, starfssemin fer fram hér og talsmenn þessara fyrirtækja eru vissulega hér á landi en eini hluti þess rekstrar sem þessir aðilar stunda hér, fer fram í krónu, nefnilega launagreiðslur til Íslenskra verkamanna. Rekstrarfé þessara fyrirtækja kemur ekki hingað og færist aldrei yfir í krónu.

En Íslendingar þyggja laun sín í krónu.

70% byggðalinunar er í Dollar, svo og verðskráin hjá Landsnet. Svona mætti lengi telja. Þau svör sem ég fékk í Hagfræðideild Seðlabankans voru að engir erlendir gjaldmiðlar væru í umferð í rekstri hér á landi. Þetta þótti mér athyglisvert svar þar sem að ég get ekki annað en spurt sjálfann mig hvar greiðslur fyrir kaup á rafmagni frá Landsvirkjun fari fram, eru þær færðar hér? Ekki samkvæmt svörum Seðlabankans. Hvar eru peningarnir?

Íslendingar eru búnir að henda krónunni

Atvinnulífið í landinu mun á endanum hætta að nota krónu þar sem að hún er að keyra fyrirtækin okkar á hausinn. Stórfyrirtækin lifa mun betur af þessa kreppu með stórann hluta af rekstrarfé sínu í erlendri sterkri mynt, á erlendri grund. Ég tek fram að lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru rekin af venjulegu fólki búa ekki við þennan kost.

Það má því segja að þjóðin sé tvískipt nú þegar. Erlent eignarhald og erlendur rekstur og síðan Íslenskir auðmenn með allt sitt í Dollar og stundum Evru sem í gegnum falið eignarhald erlendis frá flytja arð af þessum fyrirtækjum úr landi og greiða enga skatta hér á Íslandi. Hins vegar Íslenskt vinnuafl sem þiggur laun sín í krónu, greiðir skatta ect.

Landið er því að stórum hluta rekið sem lítið annað en Sweat Shop þessa dagana í stíl við ýmis útkjálkalönd sem fyrst og fremst þjóna því hlutverki að halda úti ódýru vinnuafli fyrir önnur ríki. Nú geta menn leitt hugann að því hvar hagsmunirnir liggja að hluta í að halda í Krónuna, nefnilega erlendis meðal Íslenskra auðmanna og erlendra stórfyrirtækja..

Nánar um falið eignarhald

Í ofanálag við að rekstur margra stórfyrirtækja fari ekki fram hér á landi rekstrarlega og rekstrarfé þeirra komi ekki hingað og færist ekki hér á landi, þá er annað og ekki síður stórt vandamál sem við stöndum frammi fyrir sem er falið eignarhald í Fyrirtækjum hér. Indriði H. Þorláksson Hagfræðingur og fyrrv. Ríkiskattstjóri hefur ritað greinar og vil ég fá að lesa eftirfarandi úrdrátt úr grein hans frá mars 2008 en yfirskrift hennar er;

"Eignarhald á íslenskum fyrirtækjum"

Hvert rennur hagnaður þeirra og skattar?

Hér er úrdráttur úr greininni;

"Við athugun á skýrslum Seðlabankans verða strax ljóst tengsl á milli íslenskra fjárfestinga erlendis og erlendra fjarfestinga á Íslandi. Mikill vöxtur fjárfestinga Íslendinga í tilteknum löndum og fjárfesting hér á landi frá þessum sömu löndum bendir til þess að íslenskir aðilar hafi lagt fé í félög í þessum löndum og þau félög síðan fest það í félögum hér á landi. Efnahagsleg og skattaleg áhrif af slíkum hringtengslum eru veruleg. Með þeim er auðvelt er að flytja arð og hagnað milli landa og komast hjá skattlagningu ef skattalög eru ekki í stakk búin til að taka á því. Af þessum ástæðum eru þessi tengsl könnuð eftir því sem tök eru á og ekki aðeins litið til beinnar eignaraðildar, þ.e. hvaða félag er skráður eigandi hlutar í félags í Kauphöllinni heldur einnig hverjir eru eigendur þess eignarhaldsfélags.

Bein fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi og Íslendinga erlendis

Í skýrslu Seðlabanka Íslands frá júlí 2007 um fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi, sjá viðhengi I, kemur fram að á árinu 2006 er hún talin nema um 540 milljörðum króna og hafi aukist úr um 70 milljörðum frá árinu 2000. Þessi mikla aukning vekur athygli en ekki síður það hvernig þessi fjárfesting erlendra aðila er samsett m.t.t. landssvæða.

Í töflu Seðlabankans kemur fram að um 450 milljarðar króna eða um 84% af hinni erlendu fjárfestingu og nærri 90% af aukningu erlendrar fjármunaeignar Eins og hér kemur fram hefur nær öll aukning á erlendri fjármuneign á síðustu árum komið frá BENELUX löndunum og aflandssvæðum. Athygli vekur hve lítil aukningin fjármunaeignar frá öðrum svæðum er á alsíðustu árum þrátt fyrir byggingu og stækkun álvera Tafla sýnir að á þeim árum sem hún tekur til hefur hlutdeild BENELUX landanna og aflandssvæða vaxið úr því að vera inna við 10% af erlendri fjármunaeign í að vera nærr 84%.

Upplýsingar úr skýrslu Seðlabankans um fjármunaeign Íslendinga erlendis frá júlí 2007 eru einnig athygisverðar. Þar kemur fram að að bein fjármunaeign Íslendinga í þessum sömu löndum hefur aukist um á fjórða hundrað milljarða króna frá árinu 2000 og yfir þriðjungur skráðrar erlendrar fjármunaeignar Íslendinga er er nú í þessum löndum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um verulega starfsemi fyrirtækja í eigu Íslendinga í þessum löndum aðrar en um bankastarfsemi í Lúxemborg. Ólíklegt verður að teljast að fjármagn til fjárfestinga hér á landi frá framangreindum löndum sé í raun upprunnið þar og sé í endanlegri eigu aðila sem þar eru heimilisfastir.

Þessar upplýsingar úr skýrslu Seðlabankans benda sterklega til þess að bein erlend fjármunaeign hér á landi sé að stórum hluta fjármunir í eigu íslenskra aðila, sem flutt hafa fé þangað og nota til að fjárfesta aftur á Íslandi. Líklegt er að hringrás fjármagns með þessum hætti skýri verulegan hluta af þeirri aukningu erlendra fjármunaeignar Íslendinga og “erlendrar” fjármunaeignar á Íslandi sem fram kemur í skýrslum Seðlabanka Íslands".

Hér lýkur upplestri úr grein Indriða H. Þorlákssonar sem er mun lengri og er hluti af athugunum hans.

Íslendingar láglaunafólk í krónu

Ég er ekki sáttur við að láta breyta Íslandi í land sem nýtt er sem láglaunaframleiðslusvæði fyrir stórfyrirtæki í öðrum löndum. Þessir aðilar hafa hag af því að halda hér launum í lágmarki og lágu gengi krónunar. Nýr gjaldmiðill gerir slíkri starfssemi erfitt fyrir þar sem auðveldara er að halda kjörum slæmum

Ég ætla að lesa tvær málsgreinar upp úr grein Heiðars Más og Ársæls Valfells;

"Nýr gjaldmiðill gefur fyrirheit um nýja tíma Með upptöku nýrrar myntar, sem gæti t.d. gerst 1. febrúar 2009,

myndi vaxtastig lækka mjög mikið, þó að til byrja með yrði það alltaf hærra en gerist í heimalandi myntarinnar. Reynslan er sú sama alls staðar, aðlögun að nýju vaxtaumhverfi gerist hratt. Með lækkandi vöxtum yrðu stoðir reistar undir fasteignamarkaðinn og atvinnulífið í landinu fengi samkeppnishæft starfsumhverfi. Nýsköpun myndi stóreflast því aðgengi að fjármagni myndi aukast og vextir á áhættufé lækka.

Vöruverð yrði að fullu samanburðarhæft á milli landa til hagsbóta fyrir neytendur og fyrirtæki. Erlend fjárfesting myndi stóreflastog erlendir bankar myndu fjárfesta í íslenskum bönkum eða opna útibú á Íslandi. Opnað yrði á alþjóðlega fjárfestingu í flestum starfsgreinum landsins í kjölfarið. Ísland yrði þar með aftur fullgildur þátttakandi í heimsvæðingunni. Ísland hefur átt við langvarandi vanda að stríða, gjaldeyrisvandann. Í dag er búið að létta á honum tímabundið, en gjaldeyrishöftin geta aukið vandann ef þau halda ekki þeim mun skemur, og langtímalausnin liggur á borðinu. Núverandi ástand eru kjöraðstæður fyrir einhliða upptöku annarrarmyntar.

" Heiðar M. Guðjónsson er framkvæmdastjóriNovator. ÁrsællValfells er lektor við ViðskiptadeildHÍ. Lesa alla greinina http://multitrack.powweb.com/gjaldeyrisvandi.html

Varðandi fjármagnsflótta.

Hvað varðar fjármagnsflótta þá vil ég fyrst benda á krónuna sem hefur alltaf og verður alltaf viðkvæm. Hér er spilað upp á gengishagnað af innlendum jafnt sem erlendum aðilum allan ársins hring. Þetta ástand mun versna á næstu árum. Tapið af þessu er ekki mælanlegt en áhrifin gríðarleg sem teygja sig gegnum allt samfélagið.Við það að taka upp nýjan gjaldmiðil og koma hér á stöðugleika ásamt því að eyða gengisóvissu þá taka fyrirtækin og heimilin aftur við sér og hjólin snúast í gang. Þetta einfaldlega breytir ásýnd okkar að öllu leyti. Þetta bætir alla samningsstöðu, stórminnkar kostnað af fjármagnsfærslum og jú, eykur allt traust á íslenska banka.Bankar í Evrópu njóta ekkert endilega trausts í dag enda kreppan í löndunum í kringum okkur rétt að byrja.

Sú röksemdafærsla að þegar eignir fólks hafi verið skráðar í nýjum sterkum gjaldmiðli þá muni fólk færa verðmæti sín úr landi gengur ekki upp. Það myndi einfaldlega fela í sér vantraust fólks á banka sem nú eru í umsjá ríkisins. Rök sem þessi hæfa vissulega þeim sem hafa hag af lágu gengi krónu en það er nokkuð stór hópur eins og ég sagði áðan sem er að stórum hluta búsettur erlendis.

Vissulega taka einhverjir út sinn sparnað og einnig eru Jöklabréfin innleysanleg, hæðsta talan sem ég hef heyrt og mætti því líta á sem worst case scenario er 300 milljarðar. Þá stöðu má jafna með ýmsum aðferðum til dæmis tímabundnum höftum á peningafærslum út, eins verðum við einfaldlega að vera tilbúin að standa skil á vissri upphæð, þetta er ekki flókið mál.

En krónan leitar út með hækkandi gengi og er ég hræddur um að vandræði okkar hvað fjármagnsflótta frá landinu varðar í takt við hækkandi gengi krónunnar gætu orðið okkur óyfirstíganleg með öllu. Krónan vill út með hækkandi gengi, eins munu menn fjárfesta í krónu og bíða eftir gengishækkunum, þetta er stórhættulegt. – Menn hafa því reynt að yfirfæra áhyggjur sínar af gengi krónunnar yfir á upptöku nýs gjaldmiðils.Málið er einfaldara en menn hafa viljað gefa í skyn.

Í raun svo einfalt að það er fáránlegt.

könnunarferð um Íslenska peningamálastefnu

Ég get sagt ykkur að niðurstaða mín af þessari nokkurra vikna könnunarferð um Íslenska peningamálastefnu hefur ekki að öllu leyti verið ánægjuleg. Niðurstaðan er lygileg en þetta er engu að síður svona.

En staða okkar er skýr við getum skipt út lögeyri landsins með einhliða upptöku sterks gjaldmiðils eftir 2 - 3 vikur. Þessi aðgerð mun breyta öllu fyrir heimilin í landinu og lítil/meðalstór fyrirtæki. Afstaða háskólamanna á viðskiptasviði hefur verið skýr um að þessa leið eigi að fara undir eins. Þar skipta álit Íslenskra sérfræðinga málinu í vil tugum.

Ég bið ykkur um að gera greinarmun á því hvort álitsgjafar í þessu efni eru sjálfstæðir Hagfræðingar eða hvort þeir starfa við bankana og/eða fyrir aðra hagsmunaaðila. Ríkisstjórnin er langt frá því að vera rétti aðilinn til þess að afgreiða þetta mál og skora ég á stjórnvöld að taka álit sérfræðinga hér á landi til efnislegrar og umfram allt eðlilegrar vinnslu í þinginu fyrir opnum tjöldum.

Þessi leið er fær. Þetta er leið sem getur komið fjárhag heimilanna í lag, og þótt heyrist raddir sem segja annað þá vil ég benda ykkur á það að það er fólk hér á landi sem hefur hag af slæmum kjörum almennings.

Dollar strax!

Gunnar Waage

Höfundur er tónlistarmaður, skólastjóri og talsmaður **Dollar Strax**